



Slys á æfingu

Málsnúmer: 2024-068-S-029 Herjólfur

Dagsetning: 23. september 2024

Staður: Vestmannaeyjahöfn

Lýsing: Skipverji slasaðist við prófun á björgunarbúnaði

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Samantekt

Þann 23. september 2024 var haldin björgunaræfing um borð í Herjólfu í Vestmannaeyjahöfn. Verið var að halda æfingu samhliða prófunum á svokölluðum MES björgunarbúnaði. Skipverji, sem tók þátt í æfingunni, fótbrotnaði við að renna sér niður stökk sem tilheyrði björgunarbúnaðinum. Veður var logn og bjart.

Helstu staðreyndir

Herjólfur

Skipaskrár nr. 2941

Útgerð: Vestmannaeyjaferjan Herjólfur ohf

Smíðaður: Pólland, 2019

Stærð: 3270 BT

Mesta lengd: 71,73 m

Breidd: 15,09 m

Vél: ABB 3400 kW, 2019

Fjöldi skipverja: 11

Fjöldi farþega: Engir farþegar en 40 tóku þátt í æfingunni



Gögn: Lögreglan í Vestmannaeyjum,
RNSA.

Atvikalýsing


Þann 23. september 2024 var haldin „skipið yfirgefið“ björgunaræfing um borð í Herjólfu með svokölluðum MES björgunarbúnaði. Ástæðan var krafa um prófun á MES búnaðinum frá Samgöngustofu. Við prófunina voru viðstaddir starfsmenn Samgöngustofu sem og fulltrúar frá framleiðanda björgunarbúnaðarins. Veður var logn og blíðviðri.

Prófunin fólst í því að sjósetja gúmmíbjörgunarbat við stjórnborðshlið skipsins og fólk látið fara niður svokallaða MES rennu frá skipi og niður í gúmmíbjörgunarbat (Sjá mynd 1). Samkvæmt reglum á að prófa þennan búnað á fimm ára fresti en síðast var hann prófaður í Hafnarfirði 2019. Búnaðurinn var staðsettur á báðum hliðum Herjólfu og var búnaður stjórnborðshliðar prófaður. Á næsta ári er áætlað að búnaðurinn bakborðsmeginn verði prófaður. Þar sem Herjólfur liggur ávallt með stjórnborðshlið að bryggju í Vestmannaeyjum var skipið fært yfir á svokallaða Kleifabryggju og var lagt með bakborðshliðina að bryggjunni. Um fjórtíu manns tóku þátt í prófuninni, sem þá var æfing í leiðinni, aðallega fólk tengt skipinu þ.e. skipverjar og annað starfsfólk Herjólfu ohf. Einnig voru viðstaddir starfsmenn Samgöngustofu og aðilar frá framleiðanda og þjónustuaðila búnaðarins eins og áður sagði. Á æfingunni varð einn skipverji fyrir því að lenda illa þegar hann kom niður í björgunarbatinn með þeim afleiðingum að hann fótbrotnaði.

Greining

Stjórnandi MES búnaðarins stjórnaði inngöngu í rennuna og leiðbeindi hverjum og einum um hvernig eigi að bera sig að við að renna sér niður. Í rennunni eru þrengingar sem eiga að draga úr ferð þegar fólk rennir sér niður. Einnig á að halda höndum út á leiðinni niður til að draga úr ferð. Fallhæð af þilfari Herjólfu og niður í björgunarbatinn er um 7 metrar og því mikilvægt að ferðin sé ekki of mikil. Slasaði sagði að komið hefði fát á hann þegar hann fór af stað og taldi að hann hefði gleymt að bera sig rétt að og því hafi hraðinn verið of mikill.

Skipstjóri sagði að búnaðurinn hafi staðist prófunina og var vottaður enda virkaði hann rétt. Engu að síður kvaðst hann hafa áhyggjur við að halda svona prófun með æfingu í ljósi reynslunnar. Það þyrfti lítið út af að bera svo fólk slasaðist, jafnvel þó það væri í góðu líkamlegu ástandi eins og einstaklingarnir sem lentu í þessum tveimur slysum.



Mynd 1



Mynd 2



Mynd 3



Mynd 4



Mynd 5

Niðurstaða

Orsök slyssins var að hinn slasaði kom á of mikilli ferð niður í gúmmíbjörgunarbátinn.

Rannsókn á slysinu sem átti sér stað 2019 er að finna í skýrslu [Nr. 19-152 S 092 Herjólfur](#).

Lokaskýrsla samþykkt á fundi 24.mars 2025 af Guðmundi Frey Úlfarssyni, Geirprúði Alfreðsdóttur, Pálma Jónssyni, Hilmari Snorrasyni og Jóni Finnbjörnssyni